



Borgarráð

Dalsgarður grst. - jarðhitaréttindi afsal

Óskað er eftir að borgarráð samþykki afsal á jarðhitaréttindum að Dalsgarði grst. til Orkuveitu Reykjavíkur.

Greinagerð

Eignaskrifstofa óskar eftir heimild borgarráðs til að afsala jarðhitaréttindum að Dalsgarði grst. Bæjarstjórn Reykjavíkur keypti eignina árið 1962 án endurgjalds að öðru leyti en með kvöð að afhenda þáverandi seljanda 2 sekúndulítra af heitu vatni. Þann 13.10.2000, keypti svo Orkuveita Reykjavíkur sig undan þeirri kvöð að afhenda seljanda 2 sekúndulítra um aldur og ævi.

Lagt er því fram afsal á jarðhitaréttindum við Dalsgarð grst. til Orkuveitu Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýring

Hjálagt:

Drög að afsali dags. 24. nóvember 2022

AFSAL

Reykjavíkurborg – eignasjóður, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-15, 105 Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborg, selur og afsalar til Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, Dalsgarð grst. 02, 271 Mosfellsbæ, fasteignanúmer 2081920 sem er jarðhiti, ásamt því sem eigninni fylgir og fylgja ber, þ.á m. leigulóðarréttindum.

Ekkert kaupverð verður greitt fyrir eignina og afhending hefur farið fram. Kaupandi hefur haft afnot af hinu keypta, þekkir ástand þess og sættir sig við það að öllu leyti.

Mál sem rísa kann út af sölu þessari skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 24.11.2022
Staður og dagsetning

f.h. Reykjavíkurborg - eignasjóð

f.h. Reykjavíkurborg

_____ með fyrirvara um samþykki borgarráðs

f.h. Orkuveitu Reykjavíkur

Stefanía Agnes Þ.

Vottar að réttri dagsetningu, undirskriftum og fjárræði aðila:

Stefanía Agnes Þ. kt. 010695-2609

_____ kt. _____